Kjarvalsveisla

Myndlist

Valtýr Pétursson

Eins og allir vita eru nú hátíðahöld í tilefni af aldarminningu Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Fjórar sýningar á verkum hans eru á höfuðborgarsvæðinu, hver annarri merkari, og einstakt tækifæri gefst nú til að kynnast verkum þessa meistara málaralistarinnar. Allar eru sýningarnar mjög vandaðar og mikið í þær lagt. Fjöldi verka þeirra, sem hér eru á ferð, hefur ekki komið fyrir almenningssjónir áður og er í mörgum tilfellum hrein opinberun fyrir fólk. Ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir feiknalegum afköstum Kjarvals. Um það bil 500 málverk og teikningar ásamt vatnslitamyndum getur að líta á þessum fjórum sýningum, vitað er um mikinn fjölda annarra verka, sem verið hafa á sýningum hér áður fyrr, og loks eru ósköpin öll af listaverkum eftir Kjarval sem eru hingað og þangað um allt land og í útlöndum.

Kjarvalsstaðir

Þar eru 212 verk til sýnis ásamt ýmsu, er tilheyrði Jóhannesi, þ.e. hitt og þetta, sem skrifa, en mér finnst eins og að það sé að bera í bakkafullan lækinn að staglast á því, hve þarna sé merkilega hluti að finna. Allt er þarna merkilegt, en sumt þó miklu merkilegra en annað. Læt ég áhorfendur um að finna það á eigin spýtur. Ég fjölyrði ekki meir um þessa sýningu, en henni fylgir vegleg sýningarskrá með miklu lesmáli.

Listasafn Íslands

130 verk eru á Kjarvalshátíð Listasafns Íslands. Fyrst skal fræga telja „Hausana hans Kjarvals“, en það eru 50 teikningar af almúgafólki íslensku, sem gerðar voru um 1926 og sjaldan hafa verið til sýnis, þótt oftlega hafi verið á minnst í rituðu máli. Í þessum teikningum sýnir listamaðurinn óvenjulega breidd í teikningu, og stíltegundir fara eftir því, hvernig liggur á höfundi.


Mannlýsingarnar eru ekki það merkilegasta við þessar teikningar að mínum dómi, heldur frábær teikning og listræn átök, sem ekki eiga sinn líka í myndlist okkar. Það er því gleðilegt, að þessi listaverk skuli loks aðgengileg og er stór liður í þeirri Kjarvalsveislu, sem nú stendur yfir. Öll verk




Fyrstu snjóar (1953)

klær úti til að ná saman sem mestu af verkum Kjarvals og stundað mjög uppboð hér heima og erlendis. Sum verkin hefur hann án efa fengið á eðlilegu uppboðsverði, en önnur hefur hann orðið að greiða mjög háu verði. Hann hefur ekki séð í aurana í þessum tilfellum eins og greinilega kemur í ljós á þeirri stórmerku Kjarvalssýningu, sem hann hefur opnað í Háholti í Hafnarfirði, og það má fullyrða, að enginn einstaklingur hefur sýnt Kjarval aðra eins rausn og Þorvaldur með þessari sýningu og öllum aðbúnaði að verkum Kjarvals. Þorvaldur er sannur listunnandi, og það var ekki heppnin ein, sem varð til þess, að hann eignaðist hið fræga Lífshlaup Kjarvals, þegar aðrir og sterkari aðilar hikuðu og misstu af þeim happafeng. Það verk er nú fullkomlega endurgert og er þarna á sýningunni í allri sinni mekt. Það má benda á, hve snyrtilega og af mikilli virðingu Þorvaldur hefur búið um verkin, sem þarna eru sýnd, og það er mikil gæfa fyrir þjóðina, að slíkur maður skuli annast þessi verk af þeirri smekkvísi og hjartahlýju, sem raun ber vitni. Stórmerkileg sýning, sem fólk ætti ekki að láta óséða. Einkum og sér í lagi hafði ég ánægju af að sjá myndirnar undir gluggum í vinnustofu Kjarvals eftir að viðgerð hefur farið fram, það eru mögnuð listaverk.

Enn er ein sýning ótalin í þessum hópi, en mér hefur ekki



Fantasía (1943)



Hrafnabjörg (1930)

var að finna í vinnustofu meistarans. Hattar, penslar og alls konar pappírar, og meira að segja hefur Gullmávurinn, einkaskúta Kjarvals, verið sóttur austur á hérað og stendur nú með fullum seglum, eins og áður fyrr í vinnustofu hans. Safn ljósmynda, sem stækkaðar hafa verið, er einnig mjög skemmtilegt að sjá, og í fyrirlestrarsal er stutt myndband um list og líf Kjarvals. Hefur Þóra Kristjánsóttir útbúið það. Ég vil benda fólki á að skoða þessa hluti vel og vandlega, og það mun hafa mikla ánægju af. Ekki má gleyma saltfiskinum, hvítum og lystilegum, og rauður snýtuklútur er bundinn í fjögur horn með túbum og málaradóti. Með þann farangur lagði Kjarval oft á tíðum til atlögu við fyrirmyndir sínar úti um landið. Allt er þetta vitnisburður um mikinn húmanista og ætti að verða fólki minnisstætt um langan aldur. Raunverulega kynnist fólk svolítið persónulega við einstæða manngerð með því að veita þessum hlutum eftirtekt.

Það mætti margt og mikið um þetta sýningu spjalla og Kjarvals í eigu Listasafnsins eru á þessari sýningu. Þau nægja til að fylla húsnæði safnsins, og sýningin er í heild sinni hin fegursta. Ég bendi ekki á neitt sérstakt listaverk í þessu safni, en þar er margan gimstein að finna og eiginlega furðulegt, hvað verkin eru jöfn og góð í heild sinni.

Listasafnið hefur gefið út ágæta bók með öllum þessum verkum, og er mikill fengur að þeirri bók, sem er fyrst og fremst myndabók með verkum Kjarvals, en texti er ekki langur. Frágangur allur á þessari Kjarvalsbók er til fyrirmyndar, eins og raunar á annarri bók, sem kom út hjá Listasafni Íslands á þessu ári í tilefni afmælis safnsins sjálfs, sem einnig varð hundrað ára á þessu ári, en þess var líka minnst með útgáfu afar fallegrar bókar.

Kjarval í Listasfni Íslands kom mér nokkuð á óvart, og vissi ég ekki, að svo mikið úrval verka eftir meistarann væri þar að finna. Ég hafði verulega ánægju af að sjá sýninguna, sem er bæði fróðleg og stórfalleg.



Þorsteinn Kjarval (1926)

Háholt

Þorvaldur Guðmundsson, sem lengi hefur safnað verkum eftir Kjarval, hefur opnað sýningu á verkum úr safni sínu og minnist á þann hátt Kjarvals, vinar síns. Á sýningunni munu vera hátt á annað hundrað verk. Þorvaldur á sitt prívat gallerí, er hann lánar stundum fyrir sýningar listamanna. Það er ágætt húsnæði og í stærra lagi, en samt er það svo, að vart hýsir það hið frábæra og merkilega safn listaverka eftir Kjarval, sem Þorvaldur hefur varið fimmtíu og fimm árum í að ná saman. Ég held, að fullyrða megi, að annað eins safn er ekki til í einkaeign, enda hefur Þorvaldur haft allar

unnist tími til að heimsækja hana enn sem komið er. Sú sýning er í menningarstöð Hafnfirðinga og skiljanlega, vegna húsnæðis, ekki af sömu stærðargráðu og þær aðrar, sem hér hefur verið fjallað um. Ég hlakka til að sjá hana.

Já, það er mikil Kjarvalsveisla þessa dagana, og svo er það ævisaga meistarans í tveimur bindum, rituð af Indriða G., svo að fjórar bækur hafa séð dagsins ljós á aldarafmæli Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Og þá má ekki gleyma hinum ágætu þáttum Björns Th. Björnssonar, sem fluttir voru í útvarpið tvo seinustu sunnudaga.

Sá, sem þetta skrifar, hefur um langt árabil margt og mikið ritað um meistara Kjarval og verk hans. Oft hafa lýsingarorðin orðið nokkuð sterk og hrifning komið róti á hlutina, en engu að síður stend ég fast við hvert orð, sem ég hef látið falla í slíkum hugleiðingum og gæti jafnvel bætt þar við, ef eitthvað er. Hrifning mín af manni og verkum hefur enn færst í aukana, ef ég þekki mína eigin loftvog.